

6. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Björn Lúðvíksson; Lára Thors

Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjú flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.-7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Að nemendur þekki sögu snorra sturlusonar og kynnist sögu Íslands frá árunum 930-1262. Þá læra einnig nemendur um norðurlöndin. Nemendur munu fræðast um útbreiddustu trúarbrögðin. Síðan munu nemendur fá kennslu í félagsfærni og sjálfseflingu.

Námsefni

Norðurlönd, Snorra Saga, Trúabragðafræði, Félagsfærni og sjálfsefling

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, fyrirlestur, umræður og spurnaraðferð, leitarnám, hópavinna og ýmsar aðrar kennsluaðferðir.

Námsmat

Símat þar sem verkefni úr vinnubók, virkni í tímum og önnur verkefni eru höfð til hliðsjónar.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.